STJÓRNARFUNDUR

828. fundur

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

DAGSETNING	Miðvikudagurinn 11. nóvember 2026
TÍMI	Kl. 13:00 – 14:20.
STAÐUR	Fundarsalur SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær
FUNDARRITARI	Berglind Kristinsdóttir

Fundarsetning

Árið 2026, miðvikudaginn 11. nóvember kl. 13:00, var haldinn fundur í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í fundarsal sambandsins, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Vilhjálmur Árnason formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Mætt á fundinn

Vilhjálmur Árnason, Guðbjörg Eyjólfsdóttir, Björg Ásta Þórðardóttir, Anton Kristinn Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá

1 *Málefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja – fyrirhugaðar framkvæmdir.*

Lagðar fram fundargerðir funda Reykjanesbæjar með mennta- og barnamálaráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum (FSRE) og JeEs arkitektum, dags. 8. og 15. október 2026, ásamt verkáætlun.

Reykjanesbæ hefur verið falið að annast undirbúning og framkvæmd viðbyggingar fyrir verknám við FS. Með viðbyggingunni stækkar verknámsrými skólans úr um 800 m² í um 1.930 m². Kynntar hafa verið tvær tillögur, tillaga A frá JeEs arkitektum og tillaga B frá FSRE. Reykjanesbær telur tillögu A heppilegri en endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir. Áætlaður heildarkostnaður nýbyggingar er 2.161 m.kr. Af honum greiðir ríkið 60% (1.296,6 m.kr.) og sveitarfélögin 40% (864,4 m.kr.).

Kostnaður vegna breytinga á eldra húsnæði er ekki inni í þeirri áætlun og áætlun um búnað (280 m.kr.) er enn á frumstigi.

Samkvæmt verkáætlun stendur hönnun yfir frá nóvember 2026 til júní 2027. Framkvæmdir verða boðnar út sumarið 2027 og eiga að hefjast í ágúst sama ár. Áætluð verklok eru 1. ágúst 2029.

Framkvæmdstjóra falið að reikna út áætlaðan kostnað sem fellur til á árinu 2027 og senda til stjórnar. Jafnframt er formanni og framkvæmdastjóra falið óska eftir samtali við ráðuneytið.

2 *Tölvupóstur dags.03.11.2026, boð um umsögn um rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2026-2028.*

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt stjórnvalda, dags. 3. nóvember 2026. Þar býður atvinnuvegaráðuneytið umsögn um drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2026–2028 (mál nr. 152/2026). Umsagnarfrestur er til 17. nóvember 2026. Einnig lögð fram drög að sameiginlegri umsögn SSS og Markaðsstofu Reykjaness.

Í umsögninni er lögð áhersla á landshlutagreind gögn og rannsóknir, rannsóknir á ferðahegðun, þolmörkum og viðhorfum heimafólks, og samstarf Ferðamálastofu við markaðsstofur landshlutanna. Þar er einnig harmað að fyrirhugað sé að fella niður rannsókn á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum. Mikilvægt er að hafa slíkar rannsóknir til þess að markaðssetja samfélagið á Suðurnesjum.

Stjórn tekur undir umsögnina og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn í samráðsgátt fyrir hönd SSS og Markaðsstofu Reykjaness.

1 *Markaðs- og þróunarhópur, efling samstarfs við aðildarfyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga. Vinnustofa með samstarfsaðilum.*

Lagt fram erindi Markaðsstofu Reykjaness, dags. 4. nóvember 2026, ásamt fylgigögnum. Markaðsstofan heldur vinnustofu með samstarfsaðilum 19. nóvember 2026 í Hljómahöll. Vinnustofan er jafnframt hagaðilafundur innan alþjóðlega samstarfsverkefnisins REGENERATE. Samhliða verður stofnaður markaðs- og áfangastaðaþróunarhópur Reykjaness. Í honum sitja níu fulltrúar: fjórir tilnefndir af sveitarfélögunum og fimm kosnir af samstarfsfyrirtækjum Markaðsstofunnar.

Stjórn þakkar upplýsingarnar og fagnar áformum um að efla samstarf og samráð við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Stjórn hvetur sveitarfélögin til að tilnefna fulltrúa í hópinn fyrir 23. nóvember 2026.

Lagt fram til kynningar.

2 *Áfangastofa Reykjaness – miðlun og fyrirhuguð endurskoðun.*

Lagt fram erindi Markaðsstofu Reykjaness, dags. 28. október 2026. Áfangastaðaáætlun Reykjaness 2024–2027 er nú aðgengileg á sérstöku vefsvæði sem lifandi upplýsingaveita, í samræmi við áherslur Ferðamálastofu. Áætlunin gildir til ársloka 2027. Gert er ráð fyrir að endurskoðun hennar fari fram á árinu 2027 í samráði við sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og aðra hagaðila og að uppfærð áætlun taki gildi í ársbyrjun 2028.

Ítarlegri verk- og tímaáætlun vegna endurskoðunarinnar verður lögð fyrir stjórn á fyrsta fundi ársins 2027.

Lagt fram til kynningar.

3 *Tölvupóstur dags. 04.11.2026 – ósk um tilnefningu fulltrúa í Íslandsnefnd hnattrænna UNESCO jarðvanga.*

Lagður fram tölvupóstur formanns Íslandsnefndar hnattrænna UNESCO jarðvanga, dags. 4. nóvember 2026. Þar er óskað eftir að SSS tilnefni einn fulltrúa í nefndina. Fyrirkomulagi tilnefninga hefur verið breytt þannig að landshlutasamtök á starfssvæðum jarðvanganna eiga nú hvert sinn fulltrúa, í stað eins fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tilnefningarfrestur er til 19. nóvember 2026.

Stjórn S.S.S. tilnefnir Berglindi Kristinsdóttur framkvæmdastjóra .S.S.S., sem aðalfulltrúa og Eggert Jónsson til vara sem fulltrúa S.S.S. í Íslandsnefnd hnattrænna UNESCO jarðvanga.

4 *Önnur mál.*

Málefni Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.
Stjórn S.S.S. fjallaði um minnispunkta frá sameiginlegum vinnuhópi sveitarfélaganna. Búið að er að kortleggja verkefnin sem verða eftir hjá sveitarfélögunum og ljóst er að uppfæra þarf gjaldskrár, samþykktir og reglur. Vinnuhópurinn hefur auk þess lagt mat á forgang fyrirliggjandi verkefna.

Fulltrúi Grindavíkur sagði frá fyrirhuguðum íbúafundi Þórkötlu sem haldinn verður seinna í dag.

Fundarslit

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.

Undirskriftir

Vilhjálmur Árnason
formaður

Guðbjörg Eyjólfsdóttir
stjórnarmaður

Björg Ásta Þórðardóttir
stjórnarmaður

Anton Kristinn Guðmundsson
stjórnarmaður

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri og fundarritari